

Tillaga til þingsályktunar

um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort færa skuli undir eitt ráðuneyti mál-efni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnu-markaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sér-staklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt þrívegis áður en aldrei orðið útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt ásamt greinargerð sem henni fylgdi.

„Ljóst er að veruleg skörun er á verksviði ráðuneyta í málum er snerta lífeyristryggingar, almannatryggingar, stuðning við atvinnulausa, framfærslustuðning sveitarfélaga o.fl. Samspil þessara þátta við skattkerfið og tekjutenging bótaliða innan og utan skattkerfisins er margþætt og flókið mál. Það er skoðun flutningsmanns að eitt af því sem hefur staðið löngu tíma-bærri endurskoðun og samræmingu á þessu sviði fyrir þrifum sé óheppileg verkaskipting eða öllu heldur dreifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins.

Til greina kemur að stofna nýtt ráðuneyti sem tæki við verkefnum á þessu sviði frá fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti eða að færa þessi mál öll saman til eins af ráðuneytunum, t.d. félagsmálaráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið er þegar fyrirferðarmikið og ekki er að öllu leyti heppilegt að almannatryggingar séu jafnframt vistaðar þar. Sama gildir um fjármálaráðuneytið.

Sameining þessa mikilvæga en um leið vandasama málaflokks í eitt ráðuneyti ætti að auðvelda samræmingu löggjafar og stjórnsýslu á þessu sviði en á því er mikil þörf, ekki síst með tilliti til sívaxandi umfangs málaflokksins.“